

F.h. Kvikmyndamiðstöðvar vil ég nefna að við fögnum því að frumvarp til laga um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir), 369. mál er komið fram og vonumst við eftir góðri niðurstöðu fyrir kvikmyndagreinina innan skamms.

Við gerum ekki athugasemdir við sjálft frumvarpið en bendum á tvö atriði í umsögn Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið sem við teljum að þurfi að athuga nánar:

1. á bls. 6 í skjalinu er eftirfarandi:

"Styrkir til kvikmyndaframleiðenda af þessum toga teljast vera ríkisaðstoð samkvæmt EES-samningnum. Hins vegar er talið að styrkimir muni rúmast innan heimilda reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB um minniháttaraðstoð þar sem heildarfjárhæð þeirra er ekki há miðað við aðra styrki. *Þrátt fyrir það verður að hafa í huga að til þess að styrkirnir teljist vera minniháttaraðstoð verður heildarfjárhæð aðstoðar, þ.e. 20% endurgreiðsla á framleiðslukostnaði, styrkir úr kvikmyndasjóði og miðastyrkir til hlutadeigandi fyrirtækis, að vera undir 200.000 evrum, eða sem svarar til um 28 m.kr., á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára.*"

Við teljum að heildarfjárhæð styrkja til framleiðslu kvikmynda standi utan við styrki um minniháttaraðstoð. Styrkir til framleiðslu hvort sem er úr Kvikmyndasjóði eða 20% endurgreiðslu eru veittir samkvæmt reglum sem eru þegar samþykktar og viðurkenndar af ESB/EES.

Einngi ber að nefna að um gjörólíka verkþætti er að ræða. Miðastyrkir munu alla jafna vera veittir þegar framleiðslu og uppgjöri vegna hennar er lokið. Þær upplýsingar sem munu liggja til grundvallar styrkveitingum, annars vegar vegna framleiðslu og hins vegar miðastyrkja, eru einnig mjög ólíkar svo að eðlismunur verður alltaf á þesum styrkþáttum.

2. á blaðsíðu 6 er skrifað:

"Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að meðal miðastyrkur á árunum 2013–2015 verði á bilinu 203–730 kr. eða sem nemur 15–56% af meðal miðaverði eins og fram kemur í töflunni hér á undan. Styrkjafyrirkomulagið felur þannig í sér að ígildi niðurgreiðslu á miðaverði íslenskra kvikmynda getur sveiflast töluvert milli ára eftir því hversu margar kvikmyndir eru teknar til sýninga og hvaða aðsókn þær fá frá einu ári til annars."

og

"Alþingi hefur þegar samþykkt fjárheimildir til miðastyrkja í fjárlögum árunum 2012 til 2015 í samræmi við samkomulagið frá 8. janúar 2011. Auk þess er gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016. Fjárheimildum hefur ekki verið ráðstafað þar sem lagaheimildir til þess hefur skort og hafa þær verið fluttar á milli ára. Fjármagn til úthlutunar miðastyrkja á því að vera til staðar í Kvikmyndasjóði."

Í ljósi þess að bæði fjárhæðin 90 m kr., fjöldi seldra miða og tímabilið frá 2013 - 2015 eru þekkt, teljum við meira jafnræði felast í að afgreiða allar umsóknir sem eiga við sýningar á tímabilinu á einu bretti og úthluta þar með úr einum potti þannig að allir umsækjendur myndu sitja við sama borð,

Vinsamlega hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað eða eitthvað er ójóst í svari okkar.

Með kærri kveðju,

Laufey

Laufey Guðjónsdóttir
forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands